

## ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 78/2020

frá 12. júní 2020

### um breytingu á IX. viðauka við EES-samninginn (Fjármálaþjónusta)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til sammingsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2102 frá 27. nóvember 2019 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/2452 með tilliti til birtingu upplýsinga sem notaðar eru við útreikning á leiðréttingu á hæfni frestaðra skatta til að draga úr tapi <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2103 frá 27. nóvember 2019 um breytingu og leiðréttingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/2450 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar sniðmát fyrir gagnaskil til eftirlitsyfirvalda samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB <sup>(2)</sup>.
- 3) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Viðauka IX. við EES-samninginn verður breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 1p (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2015/2450):  
„**32019 R 2103**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2103 frá 27. nóvember 2019 (Stjtið. ESB L 318, 10.12. 2019, bls. 13).“
2. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 1r (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2015/2452):  
„**32019 R 2102**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2102 frá 27. nóvember 2019 (Stjtið. ESB L 318, 10.12. 2019, bls. 6).“

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB 318, 10.12.2019, bls. 6.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB 318, 10.12.2019, bls. 13.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvarðana (ESB) nr. 2019/2102 og (ESB) nr. 2019/2103, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 13. júní 2020, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 12. júní 2020.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*

**Clara Ganslandt**

*formaður.*

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.